



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um biðlista frístundaheimila

Á fundi borgarráðs, 2. nóvember 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um áætlanir skóla- og frístundayfirvalda fyrir þau 700 börn sem bíða eftir fullu plássi á frístundaheimili í Reykjavík, alls eru 434 börn á bið eftir því að komast að á frístundaheimili í Reykjavík. 263 börn komin með pláss að hluta en bíða enn eftir fullu plássi. Er Reykjavíkurborg kunnugt um hvar þessu börn eru á meðan foreldrar þeirra sinna vinnu sinni? Er virkt samtal í gangi á milli borgaryfirvalda og foreldra barnanna á biðlistanum?

Svar:

Staðan hefur heldur lagast frá því að þessar tölur voru teknar. Þann 9. nóvember 2023 voru 258 börn á biðlista og 229 börn með hlutavistun.

Búið er að fjölga auglýsingum um laus störf á frístundaheimilum, s.s. á vefmiðlum, líkamsræktarstöðum og í hverfablöðum.

Reykjavíkurborg er ekki með upplýsingar eða yfirsýn yfir hvar þessi börn eru á meðan foreldrar þeirra sinna vinnu sinni.

Frá árinu 2019 hefur það verið þannig í reglum um þjónustu frístundaheimila að: *Verði tafir á þjónustu, t.d. vegna faliðunar, er fyrst litið til forgangshópa til samræmis við 4. gr. þessara reglna en síðan eru umsóknir afgreiddar í tímaröð, elsta umsókn fyrst, en þó þannig að börnum í 1. bekk er fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk, en þá verði ef ekki er hægt að bjóða öllum börnum í 2. bekk dvöl, stærri hóp boðin dvöl hluta úr viku þannig að sem flestir fái hluta af þeirri þjónustu sem sótt var um. Þegar búið er að tryggja öllum börnum í 2. bekk dvöl verði börnum í 3. bekk og að lokum börnum í 4. bekk boðin dvöl með sama hætti og börnum í 2. bekk.*

Forstöðumenn eru í reglulegu samtali við foreldra barna á biðlistum og fyrirhugað er að hnykkja á því með því að samræma samskipti við foreldra barna á biðlistum og í hlutavistun.